

Mánudaginn 29. júnímánaðar.

Nr. 56/1895:

Rjettvísinn

gegn

Bjarna Eyjólfssyni, Guðmundi Þorgilssyni og Ólafi Teitssyni.

D ó m u r :

Hinir ákærðu Bjarni Eyjólfsson í Katrínarkoti í Gullbringusýslu og unglingspiltarnir Guðmundur Þorgilsson í Miðengi og Ólafur Teitsson í Háteig í sömu sýslu eru í þessu máli sakaðir fyrir illa meðferð á skepnum, en með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 22. okt. f. á., voru þeir dæmdir sýknir fyrir ákæru rjettvísinnar í málinu, en skyldaðir til einn fyrir alla og allir fyrir einn að greiða kostnað málsins.

Í júnímánuði 1894 rak ákærði Bjarni Eyjólfsson ásamt meðákærðu unglingspiltum 8 kindur til fjalls, og þegar þangað var komið, tálgaði hann neðan af klaufunum á kindunum, og hjálpuðu hinir meðákærðu honum til þess, þannig að Guðmundur hjelt kindunum, en Ólafur stóð í rjettardyrnum, þar er kindurnar höfðu verið reknar inn, meðan verið var að tálga klaufirnar. Þetta gjörðu þeir með samþykki þeirra, sem áttu kindurnar, og var það tilgangurinn að spekja þær eða fá þær til að staðnæmast í fjallendinu, en áður um sumarið höfðu þær margsinnis verið reknar til fjalls, en ávallt komið aptur og farið í kálgarða hjá fólki bæði í Garðahverfi, Hafnarfirði og á Álptanesi. Tveim eða þrem dögum síðar í sama mánuði fundu

tveir menn, er áttu leið fram á fjall, 2 af kindunum dauðar og hinar illa útleiknar. Lýsa þeir kindunum svo, að klaufirnar á þeim hafi verið skornar inn við bein, að kindurnar, sem lifandi voru, hafi naumlega getað komizt úr stað, að sumar hafi skriðið á fótunum, en sumar á hnjánum, og að mikið blóð hafi verið í kringum þær, og á-líta þeir að þessi meðferð á kindunum hafi að minnsta kosti meðfram verið orsök til þess, að 2 þeirra drápust. Það er skýrt frá því að kindurnar hafi, er þær fundust, verið í góðum holdum og ósvangar, og þær þeirra, sem eigi voru þá dauðar, virðast síðar hafa orðið jafngóðar.

Þó að hinir ákærðu hafi eigi viljað kannazt við það, að klaufirnar á kindunum hafi verið skornar eða tálgaðar inn við bein, er það þó nægilega sannað bæði með þeirra eigin skýrslu og skýrslu vitnanna og öðrum atvikum málsins, að svo mikið hafi verið tálgað af klaufunum, að það hafi bakað skepnunum svo mikla þjáningu, að þær hafi eigi þolað að stíga á fæturna, og getur það eigi álitizt vafasamt, að þessi meðferð hafi aðallega verið orsök til dauða 2 kindanna, þó að stormur og hrakviðri kunni með fram að hafa verið hans valdandi. Slík meðferð á skepnunum verður að teljast grimmdarfull eða miskunnarlaus, og með því að hún engan veginn rjettlætist með því, að hinir ákærðu gjörðu þetta í því skyni að spekja kindurnar, og með því að hinir ákærðu á hinn bóginn verða að bera ábyrgð á verknaði sínum, þótt það eigi væri beinn tilgangur

þeirra að gjöra kindunum mein, en það hlaut að vera þeim ljóst, að þeir bökuðu þeim þjáningu með verknaðinum, geta þeir ekki komizt hjá refsingu fyrir athæfi sitt samkvæmt 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og ákveðst hún fyrir Bjarna Eyjólfsson, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt refsingu fyrir nokkurn glæp, 20 kr. sekt til landssjóðs, til vara 6 daga einfalt fangelsi, en fyrir Guðmund Þorgilsson, fæddan 10. febr. 1877, og Ólaf Teitsson, fæddan 12. jan. 1878, er eigi hafa heldur áður sætt refsingu, ákveðst hún samkvæmt sömu hegningarlagagrein samanborinni við 48. gr., og með tilliti til 38. gr. sömu laga, 2 króna sekt til landsjóðs fyrir hvorn þeirra, til vara 2 daga einfalt fangelsi. Hinum ákærðu ber og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors, þannig að Bjarni einn greiði helming kostnaðarins, en hinn helminginn greiði þeir Guðmundur og Ólafur in solidum.

Um rekstur málsins í hjeradi athugast, að það hefur orðið talsverður dráttur á honum, og að málið hefur verið fremur linlega rannsakað, enda eru prófin óglögg og ónákvæm, þótt nýjar skýrslur hafi verið fengnar í málinu samkvæmt úrskurði yfirdómsins, eptir að hjeradsdómurinn var uppkveðinn; undirdómarinn hefur og eigi tekið upp í dóm sinn hið fyrirskipaða vottorð um rekstur málsins samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr. Það er þó eigi alveg næg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir þessar misfellur, og það vottast, að

rekstur málsins í hjerði hefur að öðru leyti verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni Eyjólfsson greiði 20 kr. sekt til landssjóðs, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; ákærðu Guðmundur Þorgilsson og Ólafur Teitsson greiði hvor þeirra 2 króna sekt til landssjóðs, en til vara sæti þeir hvor 2 daga einföldu fangelsi. Hinir ákærðu skulu og greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málsfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors, þannig að Bjarni Eyjólfsson einn greiði helming kostnadarins, en Guðmundur Þorgilsson og Ólafur Teitsson greiði hinn helminginn in solidum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júlímánaðar.

Nr. 28/1896.

Rjettvísín

gegn

Einari Guðmundssyni og

Hannesi Einarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað gegn hinum ákærðu